

Formannafundur LH Laugardal, 28.maí 2010

Fundarstjóri: Sveinbjörn Sveinbjörnsson (SS)

Fundarritarar: Þórdís Anna Gylfadóttir og Anna Lilja Pétursdóttir.

Fylgiskjöl: Dagskrá fundarins, spurningablöð frá hmf., veiruférliskúrfur frá hmf., ályktanir 1 og 2.

Haraldur Þórarinnsson (HP) formaður LH setur fundinn og kynnir dagskrá fundarins. Fundarstjóri er kynntur, Sveinbjörn Sveinbjörnsson (SS). Fundarstjóri fer yfir dagskrána og útskýrir nánar fyrirkomulag fundarins. SS kynnir Vilhjálm Svansson dýralækni og veirufræðing (VS) sem næstur tekur til máls.

VS fer yfir sögu smitsjúkdóma sem hafa greinst hérlandis hingað til. Íslenski hesturinn hefur þá sérstöðu að hafa verið einangraður í um 1100 ár, og við erum því ekki með nema brot af þeim hrossasjúkdómum sem finnast annars staðar í heiminum. Þetta gerir það að verkum að þegar nýjir sjúkdómar koma til landsins er hrossastofninn 100% næmur. VS er með glærusýningu.

VS talar um smitsjúkdóma, segir að af nægu sé að taka, þetta geta verið veirur, vírusar og bakteríur. Fyrir árið 1990 hafa einungis tveir faraldrar greinst meðal íslenska hestsins. Síðustu 20 ár hafa þó verið erfið fyrir íslenska hestinn því ýmsar veirur, hitasóttir, sýkingar og bakteríur hafa gengið meðal hesta hérlandis. Hestamenn þurfa að taka sig á í smitvörnum segir VS því það er hættu á að fleiri pester komu til landsins. VS segir að hitasóttarveiran sem kom upp árið 1998 hefði getað verið fyrirbyggð. Á síðustu 10-20 árum hafa 11 veirur (eingöngu verið að tala um veirur) komið til landsins. 4 herpesveirur hafa komið til landsins á síðustu 20 árum, 3 af þeim geta valdið öndunarfærasýkingum. Þessar herpes veirur eru viðvarandi, þær hverfa aldrei úr líkama hestsins. Adenoveira hefur einu sinni komið til landsins, hún sýndi þó einungis hornhimnueinkenni, en engin öndunarfæraeinkenni. VS talar líka um rhínóveirur sem komu á 10.áratug síðustu aldar. Alls eru þetta 6 veirur sem við vitum að valda öndunarfærasýkingum.

Í hrossum hefur verið lýst um 30 smitefnum, af veirusýkingum. Af þessum 30 valda 16 öndunarfærasýkingum. Þessar sýkingar eru alltaf skoðaðar fyrst þegar eitthvað nýtt kemur upp í hestum, eins og kom núna. Ísland er þó eina landið sem ekki hefur herpes 1 veiruna en hún veldur m.a. heilabólgu, lömum og fósturláti. Nær öruggt er að Herpes1 berist til landsins ef við flytjum inn sæði eða fósturvísa. Smitandi æðabólga var líka skoðuð sem hugsanlegur sökudólgur. Influenza í hrossum var líka skoðuð en hún hefur aldrei fundist hér á landi. Allt ofantalið kom út neikvætt, sem betur fer. Reovirus var líka skoðaður en kom neikvæður til baka. Adenoveirurnar voru skoðaðar, önnur kom út neikvæð en hin er enn í skoðun. Þær þekktu

öndunarfærarveirur sem hafa fundist í hrossum eru því að vera upptaldar, án þess að hafa fundið sökudólg fyrir pestinni.

Streptókokkar hafa fundist í öllum hrossum sem komin eru með hósta og graftarkennt hor. Þessi baktería er þekktur íbúi í öndunarslími hrossa. Það er því hugsanlegt að veiran sjálf stingi upp garðinn fyrir streptókokkana, að veiran komi fyrst en streptókokkar fylgi svo í kjölfarið.

Viðbrögð við þessu: Þar sem þetta hefur komið upp erlendis minnka menn álagið á hross, bæta loftgæði og hreinlæti og meðhöndla undirliggjandi smit. Þessi baktería virðist vera mjög þolin og virðist geta lifað í horklessum í margar vikur. Hún er líka viðkvæm fyrir þurrki og hita. VS lýkur máli sínu með því að segja að þetta sé sem sagt staðan á þessum rannsóknum í dag.

Fundarstjóri kynnir næstan Gunnar Örn Guðmundsson hérðasdýralækni (GÖG). Hann segir veiruna hafa getað grasserað fyrr en mars/apríl. Hann segir erfitt að greina á milli venjulegs smákvefs og þessarar veiru. Þess vegna sé erfitt að segja til um hvenær þetta fór nákvæmlega af stað. Veiran greindist á svipuðum tíma á Norður- og Suðurlandi og einkenni virðast vera svipuð á báðum stöðum. Hún byrjar með glæru slími sem oft breytist í hvítt slím. Hósti fylgir og gular horslummur geta komið út úr hestunum. Þegar hestar eru skoðaðir í húsi þar sem þetta er að ganga sést oft að sumir þeirra eru með vægan hita, megnið af þeim með engan hita, allir hafa góða matarlyst en samt eru ótrúlega margir bólgnir í kverkinni og viðkvæmir í barkanum. Einkennin eru mjög lík berkjubólgu. Smitið virðist magnast upp í hesthúsunum og virðist magnast upp fljótt. Greinir frá því að útflutningshestar hafi allir verið mjög vel skoðaðir áður en þeir fengu fararleyfi en sumir þeirra hafa sýnt einkenni veikinnar á erlendri grundu. 7 hestar voru stoppaðir í apríl, og fengu ekki að fara út. Hestarnir sem veikjast erlendis hafa ekki smitað aðra hesta erlendis. GÖG segir veikina ganga ótrúlega hægt yfir, hestarnir veikjast ekki allir á sama tíma. Fólki hefur verið ráðlagt að sleppa hestum út, að losa hestana út úr þunga loftinu í hesthúsum og koma þeim í hreint loft. Þetta er þó ekki auðvelt í íslenskri veðráttu og þetta er ekki auðvelt fyrir snögghærða hesta að vera hent út í næturfrost því þá er hætta á að þeim slái niður.

Það hefur mikið verið rætt um endursmit, sjálfsagt er þeim frekar að slá niður aftur heldur en að þeir séu að veikjast alveg upp á nýtt.

Það er hægt að meðhöndla streptókokkana með fúkkalyfjum. Reynslan virðist sýna að það virðist slá á veikina að gefa þeim fúkkalyf en hvort það stýttir veikindaferlið hefur ekki enn komið í ljós. GÖG hvetur fólk til að fylgjast vel með hestum sínum sem sleppt hefur verið. Það þarf líka að fygjast með hryssum og nýfæddum folöldum og ástæða til að vera meira vakandi fyrir stóðinu en vanalega. Varðandi hesta sem þurfa að fara í þjálfun er mikilvægt að þeir fái góða hvíld og að rólega sé farið af stað aftur. Hestamenn verða að hafa vitið fyrir hestunum því

hestarnir sjálfir geta verið mjög viljugir, þó þeir séu enn slappir. GÖG segir að æskilegt sé að eingöngu sé verið að halda heilbrigðum hestum í sumar. Hann lýkur máli sínu.

Fundarstjóri, SS, leyfir fyrirspurnir til dýralæknanna úr sal.

Sigurður Ævarsson - LH: Vísar í fyrirlestur GÖG og spyr hvort að þeir hestar sem búið var að sleppa út hvort þeir hafi verið í upphafi eða enda veikinda?

GÖG: Hestarnir voru búnir að vera veikir og veiktust aftur. Fengu hita og hor. Mælir með því að byrja ekki að þjálfra hrossin aftur fyrr en 2 vikum eftir síðasta hósta. Byrja mjög rólega.

Ómar Didriksson - Geysi: Hefur veikin áhrif á sæði/frjósemi stóðhesta?

GÖG: Langvinnur sötthiti í stóðhestum hefur áhrif á sæðisgæði, en svona skammvinnur hiti eins og nú er í gangi hefur ekki áhrif.

Kristinn Guðnason - FHB: Sem dæmi; hestur sem er búin að vera veikur í 3 vikur og er einkennalaus í dag, hvað er eðlilegt að líði langur tími þar til hesturinn sé tilbúin að þola þau átök sem hann verður fyrir í keppni?

GÖG: Það er mjög misjafnt eftir hrossum. Það var skoðað ofan í barka á nokkrum hrossum sem voru á mismunandi stigum veikinnar. Sum þeirra voru með roða og stækkaðan eitlavef. Sást slím í barka. Slímið virðist koma mest frá slímhimnum nefis, en ekki ofan úr lungunum. Ef einkennin eru horfin en hesturinn samt með einstakan hósta þá getur það tekið 3-6 vikur, misjafnt eftir einstaklingnum, að komast aftur í þjálfun.

Kristinn Guðnason - FHB: Ef farið er of geyst af stað að nýju getur það haft varanleg áhrif á hestinn?

GÖG: Ég hef ekki trú á því að hesturinn beri varanlegan skaða.

Guðni Árnason – Smára: Er það möguleiki að hross sem hefur verið stopp í 7-8 vikur og er komið í þjálfun, komist í návígi við hross á LM sem er smitað, getur verið að það smitist aftur?

VS: Tekur sem dæmi kverkeittabólgu að það sé möguleiki á endursmiti 6 mánuðum seinna.

Oddur Hafsteinsson – LH: Vísar til prófana á lyfjum í Steinsholti og í Ingólfshvoli, vitið þið eitthvað um það?

VS og GÖG: nei, ekki neitt.

Haraldur Þórarinnsson - LH: er sannað að hross séu að smitast aftur og aftur?

VS: hross sem eru í mjög smituðu umhverfi, þá já.

Valgerður Sveinsdóttir – Fákur: Þegar hross eru að endursmitast, smitast aftur og aftur, er þetta þá sama bakterían sem er að koma aftur eða er þetta ný baktería?

VS: Þekkjum það bara frá mönnum að við fáum króníska streptokokka, semsagt sama bakterían aftur.

Jón Albert – fyrrv. form. LH: Er til einhver áætlun fyrir næsta áfall? Því mér sýnist að við eigum von á fleiri veirum á næstunni til landsins ef ekkert verður að gert.

GÖG: Já það er til grunnur að viðbragðsáætlun. Eitt stærsta áfallið væri ef influensan myndi berast til landsins. Hún er svo feiknalega smitandi.

Jón Albert – fyrrv. form. LH: Eru hestamenn með í því eða er þetta bara innan skrifstofunnar?

GÖG: Byrjar innan skrifstofunnar og svo eru fengnir til liðs hestamenn sem þekkja vel til. Ekki hægt að búa til viðbragðsáætlun fyrir allar veirur, en grunnurinn er til.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson - fundarstjóri: Hverjar eru smitvarnirnar á Keflavíkurflugvelli?

GÖG: Tollverðir vita að það má ekki koma inn með hestabúnað. Innflutningur með pósti er allur tjékkaður af. Hestamenn sjálfir verndi búin sín. Stoppi sína gesti líka sjálf. Varðandi þessa veiru voru viðbrögðin ekki samræmd í upphafi meðal manna.

Jón Albert – fyrrv. form. LH: Greinin er í molum útaf kvefpest, hvað gerist þá ef verri veira berst til landsins? Leggur áherslu á að ítreka smitvarnir!

GÖG: hefur verið reynt að fá fjármagn til þess að dreifa bæklingum/einblöðungum í t.d. flugvélum en ekki fengist.

Óþekktur fundargestur: Afhverju er fræðsla meðal þeirra sem koma til landins ekki betri?

GÖG: segir að ekki hafi fjárveiting fengist til þess að kynna svona til erlendra ferðamanna um borð í flugvélum.

Guðmundur Sveinsson - Léttfeti: Segir að dæmi úr Skagafirði hafa sýnt að fúkkalyf, astmalyf og slímlosandi lyf hafa lítið hjálpað veikum hrossum og engin áhrif haft á veikina.

GÖG: sumum hrossum virðist batna og líða betur við fúkkalyfsmeðferð. Hversu vel þeim batnar, upp á að geta farið að æfa þau aftur vill hann þó ekki fullyrða um.

Jónína Stefánsdóttir – Stígandi: Getur krónískur hósti, líkt og virðist hafa komið fram hjá Gísla Gíslasyni í þúfum Skagafirði, komið fram ef hross eru hreyfð of snemma og hvort þau séu þá ekki orðin verðlaus?

GÖG: Fullyrði ekki um þetta en segir þó að dæmi séu um hross sem hóstað hafa í margar vikur hafa hætt því eftir fimm daga fúkkalyfsmeðferð.

Jónína Stefánsdóttir - Stígandi: Hvernig fer influensan með okkur fyrst þessi væga kvefpest er að setja allt á hausinn núna? Hvað getum við gert til að fyrirbyggja að influensan nái til okkar,

kannski með bóluefni?

VS: Ekki eru til góð bóluefni við influensu, því miður. Þó að influensan sé endilega ekki það versta, það versta við hana er hversu þrælsmitandi hún er. Ef influensa nær til landsins verður hún ekki landlæg heldur einn snarpur faraldur sem nánast ógjörlegt verður að stoppa.

Sigurður Ævarsson - LH: Hefði fólk áttað sig á því fyrr, hvað um var að ræða, hefði verið farið í lokanir á svæðum, og þá hvað lengi?

GÖG: Svíar hafa góða reynslu af slíkum lokunum, þeir loka hrossabúgörðum í 2-3 mánuði. Vandræði okkar Íslendinga er að þessi hesthúsahverfi okkar eru einsdæmi, þekkjast ekki erlendis, mjög flókið að loka þeim.

Ómar Diðriksson - Geysir: Hafa einhverjir hestar sloppið við pestina?

GÖG: Hugsanlegt er að einhverjir sleppi, það er ekki vitað.

Björn Bjarnason – Sörli: Það eru margir hestamenn mjög svartsýnir á að halda LM2010 en vill benda á að um 120 hross hafa verið sýnd á kynbótasýningu á Sörlastöðum. Þar á meðal var 1 hestur sýndur frá Þúfum, Kappi frá Kommu, og fór í góðar tölur.

Guðmundur Sveinsson - Léttfeti: Vill taka það fram að Gísli Gíslason Þúfum tók það sérstaklega fram að hann hefur ekki séð Kappi frá Kommu veikjast.

Ekki fleiri fyrirspurnir úr sal. Fundarstjóri þakkar þeim Gunnari og Vilhjálmi fyrir fróðlega fyrirlestra og góð svör við spurningum fundargesta.

HÞ kynnir næsta dagskrárlið. Útskýrir að landshlutar eigi að hópa sig saman og svara spurningunum á spurningablaðinu (sjá fylgiskjöl). HÞ tekur fram að það sé sérstaklega mikilvægt að hver landshluti reyndi að staðsetja sitt svæði á veiruférliskúrfunni (sjá fylgiskjöl) með tilliti til veikinnar.

Kaffihlé og hópavinna hefst.

Fundarstjóri tekur til máls á ný, nú verða kynntar samantektir frá hverjum landshluta.

Samantekt frá Höfuðborgarsvæðinu:

Samdóma niðurstaða náðist í stórum hópi.

Hvert félag mat hvar sitt félag væri stött í veikindunum og skiluðu inn veiruférliskúrfunni. Þau telja að réttlæt看legt sé að halda Landsmót 2010 ef 70% mæting hrossa næst (miðað við eðlilega þátttöku). Misjafnt er hvernig veikin gengur yfir en þau telja ekki réttlæt看legt að halda Landsmót nema allir landshlutar verða með. Svöruðu eindregið nei við því hvort ætti að fresta LM2010 til ársins 2011. Svöruðu jafnt um því hvort fella ætti niður LM2010 og halda næst

Landsmót árið 2012 í Reykjavík en taka það sterkt fram að þau vilja að Landsmót verði haldið 2010, ef lágmarkspáttaka næst.

Samantekt frá Sunnlendingum (Höfn í Hornafirði/Austfirðingar með í þessum hóp):

Varðandi veirufærislúrfuna, þá getur enginn þeirra staðsett veikina á kúrfunni því veikin er á öllum stigum segja þau. Þau segja hestinn vera númer 1,2 og 3. Það er ekki hægt að taka afstöðu í þessu máli eftir knöpum heldur verður að taka afstöðu með hestunum. Stærsta vandamálið í þessu öllu er óvissan. Ef það er klárt mál að hross sem búið er að vera veikt og hefur jafnað sig eigi það á hættu að veikjast aftur ef það kemst í návígi við sýkt hross á Landsmóti, þá er það óásættanlegt. Hesturinn á að vera númer 1. Ímynd Landsmót skiptir líka miklu. Menn tala um hvert fer ímyndin ef við höldum ekki Landsmót, jú hún skemmist. En hvernig verður ímyndin ef hross mætir veikt inn í braut, hvað þá? Það er ekki heldur gott. Ef á að halda Landsmót þá verða að vera gríðarlega strangar reglur um skoðun hrossa, áður en þau koma nálægt svæðinu. En eins og kom fram áðan getur verið erfitt að sjá hvort hross er orðið sýkt. Í framhaldi af þessu telja þau að herða verði á þessum smitvörnum. Á Suðurlandi er þegar farið að aflýsa hestaferðum í sumar og 2 stór hrossaræktarbú hafa nú þegar gefið út að ekkert hross frá þeim fer á mót. Sunnlendingar telja ekki forsvaranlegt að halda Landsmót. Guðni persónulega myndi vilja sjá Landsmóti frestað til 2011.

Samantekt frá Norðlendingum:

Þau telja að það þurfi á milli 70-80% hrossa að mæta til leiks á LM2010 svo það sé réttlætanlegt að halda mót. Þau telja ekki réttlætanlegt að halda mót ef allir landshlutar komast ekki. Þau telja eðlilegt að halda mót 2011 en telja það ekki eðlilegt að fella mót niður þannig að næsta mót verði ekki fyrr en 2012. Þau vilja sjá Landsmót á Vindheimamelum 2011. Útskýrði nánar hvar hver landshluti væri staddur á veirufærislúrfunni: Skagafjörður í viku 6, Eyjafjörður í viku 2 og Húnavatnssýslur á bilinu 2-4 viku.

Samantekt frá Vesturlandi:

Vestari hlutinn er á viku 4, þó með undantekningum. Borgarfjörðurinn virðist vera á bilinu 6.-7.viku, í bata. Hversu hátt hlutfall er réttlætanlegt til að halda mót, þau segja 75% þar. Þeim finnst ekki réttlætanlegt að halda mót ef vantar ákveðna landshluta eða hestamannafélög. Þau segja Já við móti á Vindheimamelum 2011 en nei við að hætta við mót núna og hafa næsta mót ekki fyrr en 2012.

Þá er samantektunum lokið.

Fundarstjóri greinir frá þeim tveim ályktunum sem liggja fyrir fundinum og les hann þær upp. Sú fyrri er áskorun sem beint er til Matvælastofnunnar um smitvarnir.

Sú seinni hvetur stjórnir LH, BÍ og LM að hafa eftirfarandi að leiðarljósi við ákvarðanatöku: velferð hestsins, ímynd hans og ímynd LM til framtíðar.

Opnað fyrir umræður um niðurstöður hópavinnu og ályktanirnar sem liggja fyrir fundinum.

Jón Albert - fyrrv. formaður LH tekur til máls. Honum líst vel á þessar ályktanir. Hann segir að erfitt verði að reikna út prósentuhlutfall varðandi þátttöku hrossa á móti þar sem það á ekki eftir að koma í ljós fyrr en nokkrum dögum fyrir mót, hversu margir hestar komast, gæti orðið erfitt að fylgja því eftir. Hann talar líka um heiðursmannasamkomulag sem hefur verið í gildi hingað til, að landsmót eigi eitt ár og heimsmeistaramót eigi hitt árið. Hann gerir sér þó grein fyrir þessari óvissu og segir það ekki verða létt fyrir þá sem þurfa að taka þessa ákvörðun. Ítrekar hversu mikilvægt er að sýna samstöðu í þessum aðstæðum. Hestamenn verða að standa saman.

Guðni Árnason - Smári. Líst vel á ályktanirnar. Hann er sammála Jóni Albert að auðvitað er þetta mjög slæmt ástand en segir það þó kannski í lagi í eitt skipti að færa landsmót milli ára. Hann segir hljóðið í sínum mönnum þannig að fólk bíður eftir að þessi ákvörðun verði tekin, verður mót, eða verður ekki mót. Þessa ákvörðun þarf að taka strax, það má ekki bíða lengur með þetta. Hann gerir ráð fyrir því að að fólk virði þá ákvörðun sem tekin verður, hver sem hún verður.

Siggi Ævars í pontu. Hann er einn þeirra sem lendir í að taka ákvörðunina og segir að málið með 2011 sé vissulega ekki gott mál og ef út í það fer að mót verði þá þá verður það gert í góðu sambandi við forystu heimsmeistaramótsins. Hann segir það mikilvægt að muna að með því að halda mót 2011 getum við gefið hestafólkinu okkar eitthvað til að stefna að og getum gert mótið mjög áhugavert og skemmtilegt, með góðu samstarfi við heimsmeistaramótið. Við myndum gefa heimsmeistaramótinu góðan aðgang að okkur, þeir gætu komið og kynnt sig á mótinu og við myndum hjálpa þeim að vera áberandi á landsmótinu. Siggi spyr hvort menn ætli að sætta sig við hálft landsmót? Hann segir að hægt verði að vinna út úr þessu, með góðu samstarfi við alla. Ef til þess kemur þarf að taka þetta upp á þingi, að mót eigi að halda 2011, fá það samþykkt að halda megi mót 2011, og svo aftur 2012.

Sigurður Ævarsson - LH segir frá því að hann sé einn af þeim sem þurfa að taka þessa ákvörðun. Ef mótinu verður frestað til 2011 verður það gert í miklu samstarfi við forystu mótshaldara HM2011. Hann segir það mikilvægt að muna að með því að halda mót 2011 getum við gefið hestafólkinu okkar eitthvað til að stefna að og getum gert mótið mjög áhugavert og skemmtilegt, með góðu samstarfi við heimsmeistaramótið. Við myndum gefa heimsmeistaramótinu góðan aðgang að okkur, þeir gætu komið og kynnt sig á mótinu og við myndum hjálpa þeim að vera áberandi á landsmótinu. Sigurður telur að það lami greinina minna ef mótinu verður frestað til 2011 heldur en að bíða til 2012 verði ákvörðunin að halda

ekki LM2010. Hann spyr hvort menn ætli að sætta sig við hálfmót landsmót? Hann segir að hægt verði að vinna út úr þessu, með góðu samstarfi við alla. Illskásti kosturinn er að fresta mótinu til 2011. Með % tölurnar er það rétt að erfitt sé að sjá fyrir hversu margir mæta og ljóst er að ákveðnir landshlutar munu ekki vera með. Í lögum LH stendur að skuli halda LM annað hvert ár. Ljóst er að það þarf lagabreytingu á Landsþingi til að halda mótið Landsmótið 2011.

Kristinn Guðnason – FHB: Þakkar fyrir fundarboðið. Líst vel á ályktanir fundarins. Hann segir að það yrði ekki gert að gamni sínu ef farið yrði yfir á heimsmeistaramóts ár. Hann vonar að FEIF myndi taka tillit til þess. Hann segir FHB vera að undirbúa sig fyrir mánudagsfundinn þar sem ákvörðun verður tekin um Landsmót 2010. FHB sendi út spurningarlista til formanna sinna félaga, 6 formenn af 9 hafa svarað, og hann segir svörin endurspeglar það sem komið hefur fram hér. Ef tekin verður ákvörðun um að ekkert mót verði 2010 finnst Kristni mikilvægt að mót verði í staðinn 2011, það er mjög erfitt að hætta núna og þurfa að bíða til ársins 2012 til þess að geta sýnt hrossin sín á Landsmóti. Bið til ársins 2011 er betri en bið 2012. Kristinn segir að við höfum svarað okkar eigin spurningu, það vill enginn halda landsmót ef allir komast ekki.

Guðmundur Sveinsson - fulltrúi Skagfirðinga og mótssvæðisins. Hann segir 2 fundi hafa verið haldna undanfarna daga í Skagafirði, þeir hafi verið mjög vel sóttir og niðurstaða þeirra hafi verið að rétt sé að hætta við mótið í ár en reyna að halda mót á næsta ári, ef hægt er að gera það í góðu sambandi við mótshaldara heimsmeistaramótsins. Hann gerir að lokaorðum sínum að í reglum FEIF séu siðareglur og að þar standi að keppni megi ekki ógna velferð hestins.

Sigrún Ólafsdóttir – formaður Félags Tamningamanna.

Þakkar fyrir fundarboðið. Segir það mjög ríkjandi að fólk vilji halda LM ef það væri mögulegt en það hefur verið ljóst á síðustu dögum að dregið hefur úr voninni um að halda mót. Hún hefur verið í sambandi við um 40 tamningastöðvar sem allar stefndu á Landsmót, bæði í gegnum síma og tölvupóst. Sigrún segir það gríðarlega mikilvægt að ákvörðun verði tekin sem fyrst um hvort eigi að halda eða hætta við landsmót. Því það eru ekki bara atvinnumennirnir sem eru að bíða, heldur eru líka foreldrar og börn sem bíða eftir endanlegri ákvörðun. Segir að hætt verði við því að þráin að taka þátt á LM verði yfirsterkari skynseminni. Sigrún þakkar dýralæknum sérstaklega fyrir fyrirlesturinn þar sem fjallað er um veikina á mannamáli. Hún segir að alls ekki megi gera lítið úr því að upplýsa fólk, við verðum að vera öll upplýst um þessi mál, vanþekking okkar bitnar bara á hestunum en ekki okkur sjálfum. Hver sem ákvörðunin verður heldur Sigrún að hún verði léttir fyrir alla sem áhuga hafa á mótinu, nú getur fólk bara ekki beðið öllu lengur eftir ákvörðuninni. Það eru gífurlegir hagsmunir í húfi. Sigrún vill að ofuráhersla verði lögð á bættar sóttvarnir, og að allir standi saman í því. Við verðum öll að leggjast á eitt á að auka áherslu á þessi mál. Hennar persónulega skoðun er að nauðsynlegt sé að halda mót 2011, ef mótinu 2010 verður aflýst. Hún trúir því að hægt verði að ná samkomulagi við mótshaldara HM.

Hún heitir á Jón Albert að vera talsmaður okkar erlendis fyrir því að geta haldið mót 2011, ef til þess kemur.

Gunnar Már – Andvari: segir að talað sé um að það eigi að taka ákvörðun eftir helgina. Spyr hvort að endanleg ákvörðun verði tekin á mánudag, verður henni ekki breytt? Verður öllum vafa eytt þá hvort að mót verður haldið eður ei?

Kristinn Guðnason - FHB segir að fyrir sitt leyti verði öllum vafa eytt þá, ef yrði tekin ákvörðun um að halda mót, þá verður haldið mót, þó það sé ekki 100% mót.

Guðmundur Sveinsson – Léttfeta og Gullhyl segir að það verði að vera algjörlega endanleg ákvörðun tekin á mánudag, það er ekki hægt að rokka fram og aftur með þetta, til dæmis hvað varðar vinnu á Vindheimamelum.

Gunnar Örn dýralæknir: Vill gera athugasemdir við fyrri ályktun varðandi það að framkvæmd núverandi sjúkdómavarnir séu með öllu óviðunandi. Hnykkir á því að sjúkdómavarnir séu vissulega til staðar. Notaðar vélar og tæki eru öll sótthreinsuð og þvegin, hvort sem þau eru með vottorð um hreinsun í heimalandinu. Dýrainnflutningur er aðallega í formi gæludýra, hundar sem koma frá USA eru prófaðir fyrir hestainnfluensu. Að lokum eru varnaðarorð sem birtast í hestamiðlum og annars staðar fyrir stórmót. Hann vill þó að vakin sé meiri athygli á þessum vörnum, þannig að fólk sé meira vakandi fyrir þessu. Vissulega sé reynt að halda uppi öflugum smitvörnum.

Orðalagi fyrri ályktunarinnar er lítillega breytt. Áréttað að það hafi verið að tala um að framkvæmd smitvarna verði breytt, því reglurnar eru vissulega til.

Valgerður Sveinsdóttir - Fák. Segist hafa verið mjög bjartsýn þegar hún kom hingað á fundinn. Hugsar til atvinnumennskunnar, hvernig hún lifir þetta ástand af. Sagði upphaflega að nægjanlegt væri að um 50% hrossa mætti á LM og það væri í lagi þó að sumir landshlutar kæmust ekki. Sagði það ekki vera í lagi að halda LM á HM-ári vegna heiðursmannasamkomulags sem ríkti á milli LM og HM. Núna er hún þó farin að hallast að því að ef ekki er hægt að halda mót 2010 þá þá ætti að seinka því um eitt ár, í góðu samkomulagi við FEIF.

Fundarstjóri les upp breytta ályktun til Matvælastofnunnar. Breytta ályktunin samþykkt einróma af fundargestum.

Fundarstjóri les upp seinni ályktunina sem líka er samþykkt einróma af fundargestum.

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og hrósar fundargestum fyrir góðan árangur. Hann ítrekar að þeir sem standa í frontinum eftir helgi, þegar tilkynna þarf hvort landsmót verður eða ekki, þurfa að reyna vekja landið og þjóðina upp og útskýra hversu gott og gagnlegt landsmót er fyrir

þjóðarbúið. Þetta er ekki bara fyrir hestamenn, heldur færir þetta þjóðarbúinu miklu meira en bara pening, líka góða ímynd.

Haraldur Þórarinnsson - formaður LH á lokaorð fundarins og talar um góðan samhug á fundinum sem sé ánægjulegt. Segir fundinn hafa tekist mjög vel og því muni stjórn LH koma vel undirbúin fyrir fundinn nk. mánudag. Svarar spurningu, Gunnars Más frá Andvara, og segir að ef ákvörðunin eftir fundinn nk. mánudag verði sú að halda eigi LM2010 þá verður það endanleg ákvörðun. Við megum þó aldrei gleyma að hesturinn er auðvitað í aðalhlutverki í þessu, hann er aðalmálið. Þakkar fundargestum fyrir komuna og slítur fundi.

Fundi slitið.